



Skýrsla um sjóatvik

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 10 desember 2024

Elín NK 12

Mál nr.: 2024-035-S-008

Dagsetning: 24. júní 2024

Staðsetning: Austurmið

Atvik: Skipverji slasast

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 24. júní 2024 var Elín NK 12 á leið á veiðar þegar báturinn fór fram af öldu og skall niður með þeim afleiðingum að skipverji slasaðist. Þjörgunarskipið Hafbjörg kom á staðinn til aðstoðar og þegar skipin voru komin í kyrrari sjó tók þyrla Landhelgisgæslu Íslands skipverjann og kom honum á sjúkrahús. Veður: S 4-5 m/s og ölduhæð 1,5-2 metrar.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár.nr.6711

Smíðaður: Ísland, Akureyri 1985

Stærð: 8 BT.

Mesta lengd: 9,77 m

Skráð lengd: 9,77 m

Breidd: 2,82 m

Vél: Yanmar 2004, 140 kW

Fjöldi skipverja: 1



Gögn: Lögregluskýrsla

RNSA

2. Atvikalýsing

Skipstjóri Elínar lagði af stað í veiðiferð frá Neskaupstað um kl. 02:30 þann 26. júní 2024. Veður var gott, sunnan 4-5 m/sek og ölduhæð 1,5-2 metrar. Frá Norðfjarðarhorni var siglt í austur ca. 15 sjómíllur þar sem skipstjórinn áætlaði að hefja veiðar.

Þrjú bátar voru á svipuðum slóðum og gengu álíka hratt. Allir höfðu þeir siglt á miðin á 15 sjómílna ferð hið minnsta án þess að lenda í neinum vandræðum vegna sjólags.

Þegar komið var þar sem skipstjórinn hugðist veiða var annar bátur fyrir á staðnum og ákvað hann að fara á annan veiðistað. Hann sneri bátnum upp í ölduna og var með athyglina á siglingatækjunum og tók ekki eftir því þegar stór alda skall á bátnum.

Skipstjórinn tókst á loft og skall upp í þak stýrishússins og þegar báturinn skall niður kom hliðarhreyfing á hann á stjórnborða. Afleiðingarnar voru þær að skipstjórinn lenti til hliðar við stólinn og hægri fóturinn skall á horni hans. Hann áttaði sig strax að hann væri líklega lærleggsbrotinn.

Í byltunni rakst hann jafnframt í útsláttarrofa fyrir rafmagnið um borð svo rofinn brotnaði með þeim afleiðingum að allt rafmagn fór af bátnum þar með talið af talstöðinni.


Skipstjórinn hafði því einungis símann og hringdi því í Neyðarlínuna en sambandið var lélegt. Hann náði þó að skýra frá ástandinu áður en sambandið slitnaði. Meðan hann var að tala við Neyðarlínuna ákvað hann að reyna að sigla bátnum áleiðis til hafnar en var það kvalinn að hann sló fljótlega af og drap á vélinni. Stuttu síðar hringdi Vaktstöð siglinga og sökum þess að báturinn var nú einhverjum mílum nær landi þá var sambandið orðið betra og gat skipstjórinn haft eðlileg samskipti í gegn um síma.

Björgunarskipið Hafbjörg frá Neskaupstað fékk útkallsbeiðni um klukkan 04:30 og tók um 20 mínútur að manna skipið og sigla úr höfn. Um borð voru sjö manns, fimm björgunarsveitarmenn og tveir bráðaliðar. Fóru tveir úr áhöfn Hafbjargar ásamt bráðatækni um borð. Var Elínu siglt nær landi þar til þyrla Landhelgisgæslunnar kom og var hinn slasaði hífður um borð í hana og fluttur á sjúkrahús í Reykjavík.

3. Greining

Að sögn skipstjóra hefði slysið væntanlega ekki orðið ef hann hefði tekið eftir öldunni sem var að koma þar sem hann hefði þá getað gripið í eitthvað til að halda sér föstum.

Símasamband var lélegt á þessum slóðum og að sögn skipstjóra var hann heppinn að ná símasambandi við björgunaraðila. Að mati skipstjórans vantar sendi fyrir síma á Dalatanga en ekkert símasamband er frá Gerpi að Norðfjarðarhorni ef farin er svokölluð grunnleið nema siglt sé fjórum mílum hið minnsta frá landi. Þá sé sambandið orðið mjög lélegt úti á 15 mílum á þeim stað sem slysið varð. „Þessi sendir myndi ná inn í Loðmundarfjörð, norður að Glettingi og suður með Síðu og að Gerpi og svo langt út á haf“ sem væri mikilvægt öryggisatriði.



4. Niðurstöður

Ástæða slyssins var óvænt alda sem skall á bátnum og skipstjóri sá ekki fyrir.

Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirþrúður Alfreðsdóttir

